Samþykkt þann 28 MARS 2006
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson




**Byggingarlýsing**

Leikskólinn Hjalli - Hjallabraut 55, 220 Hafnarfirði.
Landnr. 120863 Staðgreinir. 1400-01-37400550

Viðbygging við áður byggðan fjögurra deilda leikskóla.
Í viðbyggingunni er gert ráð fyrir tveimur leikskóladeildum, starfsmannaaðstöðu, nýju eldhúsi og sal. Eldhús í eldra húsi verður fjarlægt og breytt í vinnuherbergi.

Eftir stækkun verður heildarfjöldi barna um 170 talsins þegar flest er um miðbik dagsins. Þar af eru um 40 börn í nýbyggingu.

Eftir stækkun verður heildarfjöldi starfsmanna um 40 talsins þegar flestir eru um miðbik dagsins. Þar af eru um 17 starfsmenn í nýbyggingu.

Botnplata og sökklar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun.
U-gildi gólfs á fyllingu: 0,3 W/m²C°.
Hiti er í gólfum.

Steyptir útveggir eru einangraðir að innanverðu með 100 mm steinullar- eða plasteinangrun og múrhúðaðir. U-gildi 0,4 W/m²C°. Veggi við innganga eru timburklæddir. U-gildi 0,3 W/m²C°.
Litir utanhúss eru með ljósu yfirbragði.

Gluggar eru trégluggar með álkápu að utanverðu. Allt gler er tvöfalt einangrunargler með K-gleri. U-gildi 1,9 W/m²C°
Útihurðir eru úr áli.

Þök eru tvenns konar: Annars vegar hallandi sperruþak, einangrað með 200 mm steinullareinangrun og klætt báruáli.
Hinsvegar flatt þak, einangrað með 200 mm steinullar- eða plasteinangrun á staðsteypta plötu. Vatnshalli er steyptur í plötu. Ofan á einangrun er heilbræddur asfaltpappi. Þar ofan á er fergt me núinni sjávarmöl.
U-gildi þakflata er 0,20 W/m²C°.

Innanhúss eru steyptir veggir sléttmúraðir.
Léttir innveggir eru byggðir upp með stálgrind, gifsklæddir og fylltir steinull. Loftaklæðning innanhúss eru hljóðdeyfandi harðpressaðar steinullarplötur í brunaflokki 1.

Allar innihurðir eru amk. 90 sm breiðar.

Vélræn loftræsing er í húsinu. Öll gluggalaus rými eru loftræst, snyrtingar, eldhús og þurrk- og fataklefar, en annars er loftað um opnanleg fög. Loftræsing uppfyllir skilyrði reglugerðar.

Gólfefni. Flísar eru á gólfum anddyra, fataherbergja og snyrtinga.
Á eldhúsi, þvottahúsi og ræstingu er vinyldúkur en á öðrum rýmum linoleum dúkur.
Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum.
Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veitna, staðsett í þar til gerðum skáp í andyri eldhússins

Brunavarnir. Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt vaktstöð verður í húsinu. Í húsinu eru ÚT-ljós og neyðarlýsing, björgunarop, rýmingarleiðir og brunaslöngur skv. kröfum reglugerðar.
Öll björgunarop eru 0,6 m x 0,9 m.
Brunaslöngur eru í hverju brunahólfi, tvær talsins.
Allar klæðningar eru í flokki 1.
Slökkvitæki eru staðsett í samráði við Eldvarnareftirlitið.

Sorpgerði í sama stíl og fyrir er verður staðsett vestan megin við húsið, nálægt eldhúsinu.

Bílastæði. Norðanmegin við húsið eru 56 bílastæði sem samnýtt en með nærliggjandi húsi. Sunnanmegin eru 24 bílastæði sem tilheyra Hjalla. Einnig eru 5 sleppistæði við aðalinngangana (vestanmegin).

Lóð er hönnuð af Landark Stórhöfða 17 Rvk.

Stærðir:
Lóðarstærð : 8.076 m²
Grunnflötur eldra hús : 602 m²
Grunnflötur nýbyggingar : 494,5 m²
Grunnflötur alls : 1.096,5 m²
Heildarrúmmál eldra hús : 2.108,2 m³
Heildarrúmmál nýbyggingar : 1.682,7 m³
Heildarrúmmál alls : 3.790,9 m³
Nýtingarhlutfall: 1.096,5 m² / 8.076 m² = 0,14

7/2 06
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|

BREYTINGAR

ASK Arkitektar
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Áritun aðalhönnuðar:
Páll Gunnlaugsson arkitekt FAÍ, kt. 210552-2199

Hjallabraut 55 - viðbygging
Aðalteikning
VERKEFNI

HEITI TEIKNINGAR
Afstöðumynd, byggingarlýsing

MKV. Í A1: 1:500
TEIKNAÐ: HÞ
DAGS: 03.02.2006

VERK NR.: 0255
NÚMER TEIKNINGAR: 10-01 1 af 5
ÚTGÁFA: